



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 14.01.2021

Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum - Lánasjóður sveitarfélaga

Málsnr. 2001274

Samkvæmt minnisblaði frá 21.09.2020 var lagt til að fjármagna með skammtímalánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga alls 937 milljónir króna þar til að langtímafjármögnun Lánasjóðsins væri náð. Fjármögnun lauk með útboði þann 16. desember 2020. Lánasamningur eru 2, annars vegar 437 milljónir króna með lokagjalddaga 2055 á 1,79% vöxtum (vextir bréfs 2,5% og skuldin sjálf því með afföllum og nemur 396 milljónir króna) og hins vegar 500 milljónir króna til 2034 á 1,56% vöxtum.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að taka eitt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 396.046.108.- kr. til 35 ára, með lokagjalddaga 2055 og annað lán að fjárhæð 500.000.000 kr. til 2034 í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum

Lánin eru tekin vegna fjármögnunar Skarðshlíðarskóla en verkefnið hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Til tryggingar lánunum standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.